

Truenorth-Nordic ehf
Fiskisklóð 31A
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. október 2024
UST202410-028/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til aksturs utan vega innan Reykjanesfólkvangs

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Truenorth-Nordic ehf, dagsett, 3. október 2024, um leyfi til kvikmyndatöku og akstur utan vega innan Reykjanesfólkvangs.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 520/1975](#). Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til myndatöku á vegi, drónaflugi og að keyra utan vegar norðan Kleifarvatns. Kort sem sýnir tökusvæði, svæði sem flogið yrði yfir og keyrt utan vega fylgdi með umsókn. Tökur færu fram á einum degi á tímabilinu 13.-18. október 2024. Um væri að ræða 1 bílatrúkk, einn sendibíl, 5 jeppar og salerniskerra sem yrði lagt á malarkambinum norðan við vatnið. Að tókunum kæmu um 22 manns.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufer og verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Til skamms tíma metur stofnuninn að verkefnið hafi neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins en áhrifin séu afturkræf sé farið eftir skilyrðum. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði og verkefnið því líklegt til að hafa áhrif á gesti svæðisins á meðan það fer fram. Stofnuninn metur þó að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins á meðan það fer fram á gesti sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun metur út frá upplýsingum umsækjanda og þeim reglum sem gilda um Reykjanesfólkvang sbr. auglýsing um friðlýsingu að kvikmyndatakan á veginum og drónaflugið sé ekki leyfisskilt af hálfu stofnunarinnar innan svæðisins.

Umhverfisstofnun veitir Truenorth Nordic ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utan vegar og lagningu ökutækja norðan Kleifarvatns innan Reykjanesfólkvangs sbr. lýsingu hér að ofan 13.-18. október 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi lagningu ökutækjana utan vega hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Losun ferðasalerna skal fara fram á viðurkenndum losunarstað utan hins friðlýsta svæðis.
- Vanda skal frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, um leið afmá skal öll ummerki verkefnisins.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að verkefnið valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Til að koma í veg fyrir að myndefnið hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Einungis skal aka bifreiðunum milli vegar og því svæðis sem afmarkað var á kortið sem fylgdi umsókninni
- Önnur farartæki en þau sem sótt er um heimild fyrir til að aka utan vega vegna kvikmyndatökunnar er ekki heimilt að aka utan vegar.
- Takmarka skal akstur farartækjana eftir því sem kostur er.
- Gæta skal að mengunarförnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að aka yfir gróin svæði.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda þarf fyrir verkefninu.

Leyfi Vegagerðarinnar þarf fyrir tókum á veginum.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. **62.400**- sbr. 28. gr. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

René Biasone
sérfræðingur